

Auglýsing um friðlýsingu Valhúsahæðar, Seltjarnarnesi.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Seltjarnarness í samráði við umhverfisnefnd og skipulagsnefnd kaupstaðarins, hefur umhverfisráðherra ákveðið að friðlýsa vesturhluta Valhúsahæðar sem náttúruvætti, sbr. 26. gr. laga nr. 93/1996 um náttúruvernd.

*Markmið friðlýsingar*

Á Valhúsahæð eru merkar minjar um hærri sjávarstöðu í lok ísaldar og minjar sem m.a. tengjast sögu hernáms í seinni heimstyrjöld. Markmið friðlýsingarinnar er einnig að tryggja aðgang að útivist með fallegu útsýni.

*Mörk hins friðlýsta svæðis eru sem hér segir:*

Að norðan markast náttúruvættið af lóðarmörkum nærliggjandi húsa og að vestan af Valhúsabraut suður að Hæðarbraut. Mörk hins friðlýsta svæðis til austurs liggja u.þ.b. 10 m austan við Valhúsagarð. Sjá nánar á meðfylgjandi korti.

Hnit hins friðlýsta svæðis eru: (25418,42; 19055,34), (25341,34; 19025,32), (25332,28; 19021,33), (25387,32; 18888,31), (25484,58; 18846,10), (25497,91; 18851,29).

*Eftirfarandi reglur gilda um náttúruvættið:*

1. Hvers konar mannvirkjagerð eða jarðrask er óheimilt án leyfis [Umhverfisstofnunar].
2. Varðveita skal jarðmyndanir og lífríki svæðisins í núverandi mynd.
3. Vernda skal gróður sem einkennt hefur Valhúsahæð.
4. Hvers konar losun jarðefna, rusls og sorps er óheimil.
5. Varðveita skal sögu- og fornminjar á svæðinu.

Svæðið er eingöngu opið gangandi fólki og skal það gæta góðrar umgengni.

Umhverfisnefnd Seltjarnarness hefur eftirlit með framkvæmd friðlýsingar. Gera skal sérstakan samning þar að lútandi.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum laga nr. 93/1996 um náttúruvernd.

Umhverfisráðuneytið, 5. febrúar 1998.

Guðmundur Bjarnason

---

Sigurður Á. Þráinsson